

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 120/2009

2010/EES/21/06

frá 9. febrúar 2009

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, einkum 122. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tiltækin aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 verði breytt.
- 2) Fyrirhugaðar breytingar eru til komnar vegna ákvarðana sem viðkomandi aðildarríki hafa tekið, eða lögbær yfirvöld þeirra, sem tilnefna þau yfirvöld sem skulu sjá

til þess að löggjöf um almannatryggingar sé framkvæmd í samræmi við lög Bandalagsins.

- 3) Tvihlíða samningar um framkvæmd ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 574/72 eru taldir upp í 5. viðauka þeirrar reglugerðar.
- 4) Fengist hefur samhljóða álit framkvæmdaráðs um félagslegt öryggi farandlaunþega.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 2.–5. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt til samræmis við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vladimír ŠPIDLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2009 frá 3. júlí 2009 um breytingu á VI. Viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 22.10.2009, bls. 11.

(¹) Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum 2.-5. viðauka við reglugerð (EB) nr. 574/72 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar í þættinum „R. HOLLAND“:

„5. Fjölskyldubætur:

Lög um almennar barnabætur (Algemene Kinderbijslagwet) og reglugerðin frá 2000 um framlög til framfærslu líkamlega fatlaðra barna sem búa heima (Regeling tegemoetkoming onderhoudskosten thuiswonende gehandicapte kinderen 2000, TOG):

a) þegar einstaklingur sem á rétt á bótum er búsettur í Hollandi:

— Districtskantoor van de Sociale Verzekeringsbank (útibú almannatryggingabankans) í því héraði þar sem hlutaðeigandi er búsettur,

b) þegar einstaklingur sem á rétt á bótum er búsettur í öðru landi en Hollandi en vinnuveitandi hans hefur búsetu eða staðfestu í Hollandi:

— Districtskantoor van de Sociale Verzekeringsbank (útibú almannatryggingabankans) í því héraði þar sem hlutaðeigandi er búsettur eða hefur staðfestu,

c) önnur tilvik:

— Sociale Verzekeringsbank (almannatryggingabankinn), Postbus 1100, 1180 BH Amstelveen.

Wet Kinderopvang (lög um dagvistun barna) og lög um fjárframlög vegna barna (Wet op het kindgebonden budget):

— Belastingdienst/Toeslagen (skattayfirvöld/bótadeild), Utrecht.“

b) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar í þættinum „T. PÓLLAND“:

„5. Atvinnuleysi:

a) aðstoð:

Narodowy Fundusz Zdrowia, Warszawa (sjúkrasjóður ríkisins, Varsjá),

b) bætur í peningum:

wojewódzkie urzędy pracy (vinnumálastofnanir hvers stjórnsýslusvæðis) með svæðisbundna lögsögu á búsetu- eða dvalarstað.“

2. Ákvæðum 3. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar í þættinum „R. HOLLAND“:

„5. Fjölskyldubætur:

Lög um almennar barnabætur (Algemene Kinderbijslagwet) og reglugerðin frá 2000 um framlög til framfærslu líkamlega fatlaðra barna sem búa heima (Regeling tegemoetkoming onderhoudskosten thuiswonende gehandicapte kinderen 2000, TOG):

— Districtskantoor van de Sociale Verzekeringsbank (útibú almannatryggingabankans) í því héraði þar sem aðstandandinn er búsettur,

Lög um dagvistun barna (Wet Kinderopvang) og lög um fjárframlög vegna barna (Wet op het kindgebonden budget):

— Belastingdienst/Toeslagen (skattayfirvöld/bótadeild), Utrecht.“

b) Þættinum „T. PÓLLAND“ er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað g-liðar 2. liðar:

„g) til einstaklinga sem eingöngu hafa lokið tryggingatímabilum erlendis:

1. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun — ZUS), útibússkrifstofan í Łódź, til einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið á Spáni, í Portúgal, á Ítalíu, í Grikklandi, á Kýpur eða Möltu,
2. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun — ZUS), útibússkrifstofan í Nowy Sącz, til einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Austurríki, Tékklandi, Ungverjalandi, Slóvakíu, Slóveníu eða Sviss,
3. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun — ZUS), útibússkrifstofan í Opole, til einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Þýskalandi,
4. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun — ZUS), útibússkrifstofan í Szczecin, til einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Litháen, Lettlandi eða Eistlandi,
5. Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnun — ZUS) — I Oddział w Warszawie — Centralne Biuro Obsługi Umów Międzynarodowych (útibú I í Varsjá — aðalskrifstofan fyrir alþjóðasamninga), til einstaklinga sem hafa lokið tryggingatímabilum erlendis, þ.m.t. tímabil sem síðast var lokið í Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Lúxemborg, á Írlandi eða í Breska konungsríkinu.“

ii. Í stað ii-liðar í b-lið 3. liðar komi eftirfarandi:

„ii. örorka eða andlát aðalfyrirvinnu fjölskyldu:

— til einstaklinga sem nýlega hafa verið launþegar eða sjálfstætt starfandi (að undanskildum sjálfstætt starfandi bændum):

einingar Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunar) sem eru tilgreindar í a-lið 2. liðar,

— til einstaklinga sem nýlega hafa verið sjálfstætt starfandi bændur:

einingar Kasa Rolniczego Ubezpieczenia Społecznego (almannatryggingasjóðs landbúnaðarins) sem tilgreindar eru í b-lið 2. liðar,

— til atvinnuhermanna og starfsmanna sem tilgreindir eru í c-lið 2. liðar þegar um er að ræða tímabil herþjónustu í Póllandi, ef síðasta tímabilið var herþjónustutímabil eða tímabil hjá einni af þeim stofnunum sem tilgreindar eru í c-lið 2. liðar og erlend tryggingatímabil:

Wojskowe Biuro Emerytalne w Warszawie (lífeyrisskrifstofa fyrir herinn, í Varsjá), ef um að ræða þar til bæru stofnunina sem tilgreind er í þriðja undirliði ii. liðar í b-lið 3. liðar 2. viðauka,

— til fangavarda þegar um er að ræða starfstímabil í Póllandi hafi síðasta tímabilið verið umrætt starfstímabil og tryggingatímabil erlendis:

Biuro Emerytalne Służby Więziennej w Warszawie (lífeyrisskrifstofa fyrir fangelsisþjónustuna í Varsjá), ef um að ræða þar til bæru stofnunina sem tilgreind er í fimmta undirliði ii. liðar í b-lið 3. liðar 2. viðauka,

- til dómara og saksóknara:
sérstofnanir dómsmálaráðuneytisins,
 - til einstaklinga sem eingöngu hafa lokið tryggingatímabilum erlendis:
einingar Zakład Ubezpieczeń Społecznych (almannatryggingastofnunar) sem eru tilgreindar í g-
lið 2. liðar.“
3. Ákvæðum 4. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) við bætist svohljóðandi nýr 5. liður í þættinum „G. GRIKKLAND“:
„5. Til bænda:
Οργανισμός Γεωργικών Ασφαλίσεων, Αθήνα (tryggingastofnun landbúnaðarins, OGA, Aþenu)“,
 - b) við bætist svohljóðandi nýr 3. liður í þættinum „R. HOLLAND“:
„3. Innheimta iðgjalda vegna opinberra trygginga og trygginga launafólks:
De Belastingdienst/FIOD-ECD International, Amsterdam (skattayfirvöld/bótadeild/FIOD-ECD
International, Amsterdam).“
4. Ákvæðum 5. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) eftirfarandi komi í stað þáttarins „283. LÚXEMBOURG – FINNLAND“:
„283. LÚXEMBOURG – FINNLAND
Enginn samningur“
 - b) eftirfarandi komi stað þáttarins „323. AUSTURRÍKI – BRESKA KONUNGRÍKIÐ“:
„a) Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. samnings frá 10. nóvember 1980 að því er varðar framkvæmd samnings um
félagslegt öryggi frá 22. júlí 1980 eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 26. mars 1986
og nr. 2 frá 4. júní 1993 með tilliti til þeirra sem geta ekki farið fram á að fá meðferð skv. 1. kafla III.
bálks reglugerðarinnar.
 - b) ...
 - c) Samningur frá 30. nóvember 1994 um endurgreiðslu kostnaðar við almannatryggingabætur.“
-